

Fimmtudaginn 22. október 1981.

Nr. 164/1980. **Ákæruvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)

gegn

**Soffaníasi Cecilssyni og**

**Birni Kristjáni Ásgeirssyni**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Akæra. Ömerking dóms að hluta og máli að því leyti vísað frá héraðsdómi. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn lögum nr. 12/1975. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ríkharður Másson, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds.

Dómkröfur af þess hálfu eru þær, að „hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar refsingu hinna ákærðu, þó þannig, að sektarfjárhæðir verði færðar upp til samræmis við þróun á gengi gullkrónu frá dómsuppsögu héraðsdóms“, og að ákærðu verði dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar fyrir báðum dómum.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

### **I.**

Í I. tl. ákæruskjals er mál höfðað gegn báðum ákærðu, „Soffaníasi sem eiganda og útgerðarmanni vélbátsins Grundfirðings II., SH 124, og Birni Kristjáni sem skipstjóra bátsins . . . vegna fimm veiðiferða bátsins til skelfiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands á Breiðafirði í nóvember 1979, án þess að ákærðu hefðu fengið til þeirra veiða tilskilið leyfi“. Er síðan getið um veiðiferðir bátsins og aflamagn í hverri þeirra. Ekki er greint, hvert var andlag brots ákærða Soff-

aníasar, sem honum var gefið að sök, og er óljóst komist að orði, í hverju brot ákærða Bjarna Kristjáns, sem honum er sök á gefin, var fólgið. Þykir lýsing á brotum ákærðu, er í þessum tölulið ákæru getur, eigi fullnægja kröfum 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976. Ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því er þessi ákæruatriði varðar og visa málinu að því leyti frá héraðsdómi.

## II.

Í II. tl. ákæruskjals er ákærða Soffaníasi gefið að sök „að taka framangreindan skelfiskafila til vinnslu í eigin fiskverksunarstöð í Grundarfirði án tilskilins vinnsluleyfis og þrátt fyrir synjun sjávarútvegsráðuneytisins á umsókn ákærða til skelvinnslu í Grundarfirði, sem honum hafði verið tilkynnt um þann 19. janúar 1979“. Segir síðan í ákæru, að brot ákærða Soffaníasar, sem í II. tl. greinir, teljist varða við 2. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 12/1975. Í 1. málslíð 2. gr. laga þessara segir: „Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar afkastagetu þeirra, sem fyrir eru.“ Hvorki í lagagrein þessari né 1. gr. laganna er minnst á vinnsluleyfi, og getur 2. greinin ekki átt við verknaðarlýsingu í þessum tölulið ákæruskjals. Verður ákærði Soffanías Cecilsson samkvæmt því, er nú var greint, sýknaður af sakargiftum þessa töluliðar ákæruskjals.

Að svo vöxnu máli ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærðu í héraði, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur að því er varðar I. tölulið ákæruskjals, og er málinu að því leyti vísað frá héraðsdómi.

Ákærði Soffanías Cecilsson á að vera sýkn af ákæruatriði því, er greinir í II. tölulið ákæruskjals.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur, og skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

### S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar  
og Sigurgeirs Jónssonar.**

#### I.

Við teljum ekki, að verknaðarlýsingu í 1. lið ákæruskjals sé svo áfátt, að hinn áfrýjaði dómur verði af þeim sökum ómerktur að því er þann ákærulið varðar og þeim þætti ákæru vísað frá sakadóminum. Gat ákærðu ekki dulist, hver sá verknaður var, sem þeir voru saksóttir fyrir, og vörn af þeirra hendi hefur í engu orðið áfátt vegna óglöggrar verknaðarlýsingar í ákæruskjali. En þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að ómerkja beri héraðsdóminn að því er varðar þennan ákæruþátt og vísa málinu að því leyti frá héraðsdómi, eru ekki efni til, að við fjöllum um sekt eða sýknu ákærðu eða um viðurlög að því er til hans tekur.

#### II.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda um II. lið ákæruskjals og dómi þeirra að öðru leyti en greint var undir I hér að framan.

**Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu**

**19. nóvember 1979.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur ákæruvaldið höfðað með ákæru, dags. 17. nóvember 1979, á hendur Soffaníasi Cecilssyni útgerðarmanni, Hlíðarvegi 2, fæddum 3. maí 1924, og Birni

Kristjáni Ásgeirssyni skipstjóra, Sæbóli 22, fæddum 5. maí 1926, báðum fæddum í Grundarfirði og búsettum þar, fyrir brot á reglugerð um skelfiskveiðar nr. 78 6. febrúar 1978 og á lögum nr. 12 25. apríl 1975 um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum.

- I. Gegn báðum ákærðu, Soffaníasi sem eiganda og útgerðarmanni vélbátsins Grundfirðings II., SH 124, og Birni Kristjáni sem skipstjóra bátsins, er málið höfðað vegna fimm veiðiferða bátsins til skelfiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands á Breiðafirði í nóvember 1979, án þess að ákærðu hefðu fengið til þeirra veiða tilskilið leyfi, en veiðiferðir bátsins og skelfiskafli í hverri veiðiferð var sem hér segir: 8. nóvember 2170 kg, 9. nóvember 3990 kg, 11. nóvember 4000 kg (landað að morgni næsta dags), 12. nóvember 4100 kg og 13. nóvember 3700 kg, allur lagður upp í Grundarfirði til vinnslu í fiskverkunarstöð ákærða Soffaníasar.
- II. Gegn ákærða Soffaníasi er málið höfðað fyrir að taka framangreindan skelfiskafli til vinnslu í eigin fiskverkunarstöð í Grundarfirði án tilskilins vinnsluleysis og þrátt fyrir synjun sjávarútvegsráðuneytisins á umsókn ákærða til skelvinnslu í Grundarfirði, sem honum hafði verið tilkynnt um þann 19. janúar 1979.

Brot ákærðu, sem í I. lið greinir, teljast varða við 1. gr., sbr. 7. gr. i. f. nefndrar reglugerðar um skelfiskveiðar, sbr. 1., 3. og 4. gr. áðurnefndra laga nr. 12/1975 og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948, en brot ákærða Soffaníasar, sem í II. lið greinir, teljast varða við 2. gr., sbr. 4. gr. sömu laga nr. 12/1975, sbr. — að því er báða ákæruliði varðar — 4.—6. gr. laga nr. 101/1976 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 49.—51. gr.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu hafa hvorugir áður sætt kærnum eða refsingum, svo vitað sé.

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 8. nóvember 1979, kl. 1100, tilkynnti ákærði Soffanías Jóni B. Jónssyni, fulltrúa í sjávarútvegsráðuneytinu, að hann mundi senda bát sinn, m/b Grundfirðing II, SH 124, til skelfiskveiða eftir hádegi þann dag.

Sjávarútvegsráðuneytið óskaði eftir því við sýslumannsembættið, að kannað yrði, hvort verið væri að vinna skelfisk í fisk-

verkun ákærða í Grundarfirði. Lögreglurannsókn fór fram 8. nóvember, og í ljós kom, að Gundfirðingur II, SH 124, hafði landað 8. nóvember 2170 kg af skelfiski, og hafði kaupandi skelfisksins verið fiskverkun ákærða Soffaníasar, en ekki hafði enn verið hafin vinnsla á aflanum.

Með símskeyti til sýslumanns 9. nóvember 1979, sent frá Reykjavík kl. 1540, óskaði sjávarútvegsráðuneytið eftir opinberri rannsókn á málinu að því er varðaði meint brot ákærðu á reglugerð nr. 78 6. febrúar 1978 um skelfiskveiðar.

Mánudaginn 12. nóvember 1979 óskaði sjávarútvegsráðuneytið eftir því í símskeyti til sýslumanns, sendu frá Reykjavík kl. 1645, að opinber rannsókn færi fram á því, hvernig vinnslu skelfiskafans væri háttað, þar sem fiskverkun Soffaníasar Cecilssonar hefði verið synjað um leyfi til að setja á fót skelvinnslu í Grundarfirði.

Fyrir sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 13. nóvember 1979 viðurkenndu ákærðu brot sín.

Ákærði Soffanías kvaðst hafa sótt um leyfi til skelfiskveiða til sjávarútvegsráðuneytisins 10. janúar 1979, en aldrei fengið svar við þeirri umsókn. Ákærði kveðst hins vegar hafa fengið synjun um leyfi til skelfiskvinnslu hinn 19. janúar 1979. Ákærði kvaðst vita, að leyfi sjávarútvegsráðuneytisins þarf til þess að koma á fót skelvinnslu, en hann taldi sig hafa átt skelvinnslu frá árinu 1970, eða 5 árum áður en lög nr. 12 frá 25. apríl 1975 tóku gildi. Ákærði segir þessa skelvinnslu hafa unnið að mestu rækju, en lítillaga verið þróaða til vinnslu á skelfiski. Ákærði vann allmikið magn af skelfiski á árunum 1970—1973 samhliða rækjunni, eða 24170 kg árið 1970, 19607 kg árið 1971, 182579 kg árið 1972 og 164312 kg árið 1973. Síðan hefur ekki verið unninn skelfiskur í fiskverkun ákærða. Árið 1976 lætur ákærði smíða tæki til skelfiskvinnslu, svonefndan hristara, og lánar þetta tæki til skelvinnslu í Stykkishólmi. Árið 1976 lætur ákærði smíða nýtt tæki til skelvinnslu, svonefndan sjóðara. Það tæki ásamt hristaranum, sem fenginn var aftur frá Stykkishólmi, voru sett upp í fiskverkun ákærða í Grundarfirði og tengd tækjum þeim, sem þar voru fyrir. Ákærði segir þessa tækjaukningu hafa verið að mestu vegna orkusparnaðar og hafi verið nánast lítillíkjörlegt viðhald á gömlu vinnslustöðinni. Ekki hafi verið unninn skelfiskur, hörpudiskur, í fiskverkun ákærða í um 2 ár, þegar sett voru lög nr. 12 frá 25. apríl 1975 um samræmda vinnslu sjávarafila og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum. Ákærði

hafði fengið leyfi til hörpudisksveiða fyrir tvo báta 30. nóvember 1977, og voru leyfi háð því skilyrði m. a., að hörpudiskafla bátanna væri landað og hann unninn til manneldis í viðurkenndri skelfiskvinnslustöð á leyfissvæðinu. Ákærði notaði ekki þessi leyfi.

Ekki hefur ákærði fengið leyfi sjávarútvegsráðuneytisins til aukningar á afkastagetu vinnslustöðvarinnar, sem hann segir, að sé fyrir hendi, og ekki hefur komið fram, að hann hafi fengið leyfi framleiðslueftirlits sjávarafurða til vinnslu á skelfiski, eftir að lög nr. 12/1975 voru sett.

Fram kemur í greinargerð ákærðu, að ákærði Soffanías ásamt Sigurði Helgasyni hæstaréttarlögmanni hafi átt viðræður við tvo fulltrúa í sjávarútvegsráðuneytinu, og segir í greinargerð, að báðir fulltrúarnir hafi á fundi í september 1979 gert sér grein fyrir því, að ekki væri um að ræða nýja vinnslustöð hjá ákærða, heldur aðeins óverulegar endurbætur á vinnslu. Einnig hafi komið í ljós, að ekkert væri til fyrirstöðu að veita báðum skipunum eða bátunum leyfi til skelfiskveiða, ef þeir leggðu upp aflann hjá annarri hvorri stöðinni í Stykkishólmi.

Ákærði Soffanías viðurkennir að hafa ekki fengið leyfi sjávarútvegsráðuneytisins til skelfiskveiða. Segist hann ekkert svar hafa fengið frá ráðuneytinu við beiðni sinni frá 10. janúar 1979. Kveðst hann líta á það sem samþykki á umsókninni. Á þau rök verður ekki fallist.

Ákærði Björn Kristján hefur jatað fyrir sakadómi að hafa farið fimm veiðiferðir á m/b Grundfirðingi II., SH 124, til skelfiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands á Breiðafirði í nóvember 1979, nánar tiltekið norð-norð-vestur af Melrakkaey í mynni Grundarfjarðar, án þess að hafa fengið til þess tilskilið leyfi og veitt í þeim veiðiferðum 17960 kg af hörpudiski, sem síðan var unninn í fiskverkun ákærða Soffaníasar.

Ákærðu höfðu báðir lýst því yfir hinn 13. nóvember 1979, að þeir mundu halda áfram skelfiskveiðum, ef ekki væri einkennisklæddur (borðalagður) maður við bátinn, sem tilkynnti þeim, að þeim væri bönnuð áframhaldandi skelfiskveiði. Var því talið nauðsynlegt að hafa lögreglumann á vakt við bátinn, ekki til þess að beita valdi, heldur til þess að tilkynna ákærðu um bannið, ef þeir hygðust haida út til skelfiskveiða.

Ákærðu hafa báðir lýst því yfir, að þeir muni halda áfram skelfiskveiðum, um leið og lögreglumenn hverfa frá bátnum, þar sem hann liggur í Grundarfjarðarhöfn.

Með eigin framburði ákærða Björns Kristjáns og að öðru leyti með hliðsjón af gögnum málsins telst sannað, að ákærði hefur gerst sekur um brot það, sem í ákæruskjali greinir og þar er réttilega fært til lagaákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 600.000 kr. sekt til ríkissjóðs.

Með eigin framburði ákærða Soffaníasar og að öðru leyti með hliðsjón af gögnum málsins telst sannað, að ákærði hefur gerst sekur um brot þau, er í ákæruskjali greinir og þar eru réttilega færð til lagaákvæða.

Þykir refsing ákærða Soffaníasar hæfilega ákveðin 1.200.000 kr. sekt til ríkissjóðs.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 250.000.

#### Dómsorð:

Ákærði Soffanías Cecilsson greiði kr. 1.200.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði Björn Kristján Ásgeirsson greiði kr. 600.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---